

borgin í dag borgin í dag borgin í dag


sonar, VI. Gils Guðmunds-
son les.
22.30 Harmonikupáttur. Asgeir
Sverrisson kynnir lögin.
23.00 Skákþáttur. Guðmundur
Arnlaugsson.
23.35 Dagskrárlok.

Sjónvarpið

Fimmtudagur 12. nóvember

17.00 Gamanþáttur Bob Cum-
mings.
17.30 Hera Ed. — Ævintýri hins
talandi hests
18.00 Biography. Æviatriði úr
lífi þekktra persóna.
18.30 American Business Syst-
em. Fræðsluþáttur um við-
skiptamál.
19.00 Fréttir

19.15 Fréttamyndir
19.30 Ripcord. Flugmennirnir
Ted og Jim við störf í há-
loftunum.
20.00 The price is Right. Get-
rauna- og skemmtipáttur.
20.30 Five Star Jubilee. Söngla-
þáttur undir stjórn Rex Al-
en.
21.00 Coronado 9. Rod Camer-
on í hlutverki Dan Adams.
21.30 Checkmate. Líf söng-
stjörnu, sem er átrúnaðar
góð unglinganna er í mik-
illi hættu.
22.30 Redigo. Redigo kryfur mál
in til mergjar.
23.00 Fréttir
23.15 The Tonight Show. Sam-
tals- og skemmtipáttur
undir stjórn Johnny Gar-
son.



Frá myndvefnaðarsýningu Ás-
gerðar Búadóttur, sem nú stend-
ur yfir í Bogasal Þjóðminja-
safnsins. Á sýningunni eru 18
myndvefnaðir, flestir allstórir,
ýmist sléttfótnir eða röggvaðir.

Ásgerður hefur áður haldið 2
sýningar í Reykjavík á verkum
sínunum, en auk þess tekið þátt
í samsýningum listamanna,
bæði heima og erlendis, í Gauta-
borg, München og París. Mjög

margt manna hefur skoðað sýn-
inguna til þessa og nokkrir
vefnaðir hafa selzt. Sýningin
er opin daglega frá kl. 2—10,
fram á næstkomandi sunnu-
dagskvöld.

* * * STJÖRNUSPÁ * * *

Spáin gildir fyrir föstudag-
inn 13. nóvember.
Hrúturinn 21. marz til 20.
apríl: Þú færð sennilega góðar
fréttir af gömlum vini og það
rifjar upp ánægjulegar stundir.
Þú færð og einhver skilaboð,
varðandi atvinnu eða eitthvað,
sem þér verður falið, en athug-
aðu að þau séu rétt hermd.
Nautið 21. apríl til 21. maí:
Þú færð að gera einhver kaup
verður fyrir hluti dagsins hag-
stæðari. Sé um samninga að
ræða, er síðari hluti hans heppi-
legri. Eitthvað veldur þér á-
hyggjum innan fjölskyldunnar,
en einungis í bili.
Tviðurarnir 22. maí til 21.
júní: Þú kannst að þurfa á öllum
þínum sveigjanleik að halda til
að koma í veg fyrir deilur við
einhvern, sem ekki vill þér vel
þessa dagana. Sjáir þú að um
öfund sé að ræða, skaltu reyna
að draga úr henni.
Krabbinn 22. júní til 23. júlí:
Kapp þitt eykst enn, og nú
máttu gæta þín, bæði á því að
ofbjóða ekki sjálfum þér og
ætlast ekki til of mikils af þí-
num nánuðu eða samstarfsfólki
þínu. Það kveður að þér á
vinnustað þessa dagana.
Ljónið 24. júlí til 23. ágúst:
Einhver forvitnast um hag þinn
og varla í góðum tilgangi —
sjáðu því um að hann fái þær
upplýsingar einar, sem hann
híðir ekki um. Keppinautar þín
ir gerast aðsópmiklir, svo að
þú skalt gæta þín.
Meyjan 24. ágúst til 23. sept.
Dagurinn verður samlægur —
kvöldið gott og vel fallið til
ýmissa ráðagerða, tilfinninga-
legs eðlis. Eigir þú góðan vin
af hinu kyninu, skaltu reyna
að vera samvistum við hann
eða tala við hann.

Vogin, 24. sept. til 23. okt.:
Einhver vill ná sambandi við
þig, og hafir þú grun um það,
skaltu reyna að hliðra svo til
að það megi takast. Varstu
tortryggni í vissu máli, það
gæti orðið til þess að þú yrðir
af góðu tækifæri.
Drekinn 24. okt. til 22. nóv.:
Góður dagur til starfs, lakari
hvað við kemur efnahagslegum
ákvörðunum þú færð að ná
mikilvægum samningum, skaltu
leita hófanna en ekki slá neinu
föstu. Kvöldið gæti orðið
skemmtilegt í fámennum hópi.
Bogmaðurinn 23. nóv. til 21.
jan.: des.: Samkvæmi eða ein-
hver mannfagnaður framundan,
þar sem þú kynnist varasamri
manneskju. Leiddu hana hjá
þér, en varstu þó að styggja
hana. Athugaðu orðróm, sem
snertir kunningja þinn dálítið
óþægilega.
Steingeitin 22. des. til 20.
jan.: Gættu pyngjunnar í
dag, og lánaðu hvorki peninga
né annað, sem þér stendur ekki
á sama um. Svartaðu ágengni
með fálátri hæversku, leiddu
þá hjá þér, sem ætlast til ein-
hvers af þér um skör fram.
Vatnsberinn 21. jan. til 19.
febr.: Það situr einhver um að
ná færi á þér og koma fram
við þig hefndum, og þó að þú
þurfir kannski ekki að óttast
neitt, er eins gott að vera við
öllu búinn. Athugaðu hverja þú
hefur umgengist að undanförmu.
Fiskarnir 20. febr. til 20.
marz: Það hefur verið heldur
dauft yfir hjá þér að undan-
förnu, en nú ætti að verða bjart
ara framundan, ef þú bregzt
ekki þeim, sem á þig treysta.
Mundu að loforð eru til að efna
þau, ekki til að komast hjá ó-
þægindum.

TILKYNNINGAR

Skúli Skúlason sem lengi hefur
ritað stjörnuspána fyrir Vísi hef-
ir fyrir nokkru látið af því starfi
en mun síðar rita sérstakar
stjörnuspár fyrir blaðið.

Frétt frá B.S.R.B.

Stjórn B.S.R.B. hefur kosið
eftirtalda menn í Kjararáð til
tveggja ára:

Kristján Thorlacius
Guðjón B. Baldvinsson
Ingu Jóhannesdóttur
Teit Þorleikkson og
Þóri Einarsson

Varamenn voru kosnir:

Anna Loftsdóttir
Björn Bjarnman
Jón Kárasón
Páll Hafstað og
Valdimar Ólafsson.

Kjararáð hefur þegar óskað eft-
ir tillögum bandalagsfélaganna
um breytingar á núgildandi kjara-
samningi fyrir 7. des. n.k.

Þar sem Kjararáði ber lögum
samkvæmt að semja um launa-
kjör allra ríkisstarfsfólks, er
þeim ríkisstarfsfólki, sem
ekki eru í B.S.R.B. bent á, að
unnt er að koma tillögum á fram-
færi við skrifstofu B.S.R.B.,
Bræðraborgarstíg 9, fyrir sama
tíma

Styrkir

Ríkisstjórn Sambandslýðveldis
ins Þýskalands býður fram allt
að þrjá styrki handa íslenskum
námsmönnum til háskólanáms
þar í landi háskólaárið 1965—
1966. Styrkirnir nema 400 þýzk-
um mörkum á mánuði, en auk

þess eru styrkþegar undanþegnir
skólagjöldum og fá ferðakostnað
greiddan að nokkru. Styrktíma-
bilið er 10 mánuðir frá 1. októ-
ber 1965 að telja.

Umsækjendur skulu eigi vera
eldri en 30 ára. Þeir skulu helzt
hafa lokið prófi frá háskóla eða
a.m.k. tveggja ára háskólanámi.
Umsækjendur um styrk til náms
við tækniskóla skulu hafa lokið
sex mánaða verklegu námi. Góð
þýzkukunnátta er nauðsynleg, en
styrkþegum, sem áfátt er í því
efni, gefst kostur á að sækja nám

skeið í Þýskalandi áður en há-
skólanámið hefst.

Styrkir þessir eru eins og að
framan greinir ætlaðir til náms
við þýzka háskóla, þ.a.m. lista-
háskóla

Sérstök umsóknareyðublöð
fást í menntamálaráðuneytinu,
Stjórnarráðshúsinu við Lækjar-
torg. Umsóknir ásamt tilskildum
fylgigögnum, skulu hafa borizt
ráðuneytinu fyrir 15. desember
næst komandi.

Menntamálaráðuneytið,
10. nóvember 1964.

FRÆGT FÓLK

Segið ekki að það séu ekki
til í Bandaríkjunum verndarar
hinnar gömlu menningar Evr-
ópu. Fyrir stuttu síðan var hald-
ið upp á, já takið eftir, í Chi-
cago, 2034 ára afmæli Virgilíus
ar eða Virgils, rómverska skálds-
ins. Það var hópur latinustu-
denta sem komu saman á móti
um klassísk fræði í Illinois.
Þeir voru klæddir rómverskum
skikkjum og sóru dýra eiða um
að þeir myndu berjast með oddi
og egg gegn öllum þeim, sem
vilja láta afnema latinuna, sem
námsefni í skólum. Á eftir
sungu þeir fullum hálsi: — Feli-
cem Virgilio natalem tibi! —
Til hamingju með afmælisdag-
inn kærir Virgil, og drukku síð
an skál hans í Coca-Cola.

færandi. Þessi saga frá amer-
íska bænum Glens Falls í New
York ríki gerist einmitt á út-
sólu og er þó nokkuð óvenju-
leg. Tvær ungar frúr komu sam-
tímis auga á aðalgrípinn á út-
söluinni, krakkahjól, sem boðið
var á óvanalega lágu verði. Önnur
úr þeirra krækir í framhjól
en hin í afturhjól og svo hróp-
uðu báðar í einu, ég á það.
Það var ógjörningur fyrir af-
greiðslumanninn að stilla til-
fríðar, og önnurnar báðar náðu
í stóla komu sér vel fyrir með
fæturna á þeim hluta hjólsins,
sem þær álitu að veitti þeim
eignaréttinn.

Eigandi verzlunarinnar sá að
þarna var ágætis auglýsing í
þessum litla bardaga. Hann bar
fram veitingar handa þeim með
stuttu millibili og ný dagblöð
og þetta hressi þær svo upp
að þær hættu ekki einu sinni
reipitöginu þegar átt að loka
heldur sóru þess dýran eið, að
þær myndu sitja kyrrar þangað
til þær væru fjarlægðar með
valdi. Þar sem verzlunareigand-
ann langaði alls ekki til þess
að lögreglan kæmist í málið þá
felldi hann þann Salómóndóm
að koma með annað hjól á
sama verði og láta draga um
hvor kvennanna ætti að fá
hvað. Þetta samþykktu þær,
og eins og beztu vinkonur yfir
gáfu þær verzlunina hver um
sig með gljáfært, splunkunýtt
hjól.

En það verða ekki fleiri hjól
á þessari útsölu sagði eigand-
inn þegar hann horfði á eftir
þessum tveim aflogagikkum.

Rip Kirby



Á þennan hátt er ég öruggur
um að þið klúðrið ekki í öðru
verkefni, segir Smiling Silas um
leið og hann hleypir af. Losaðu

okkur við þessa náunga. Við fá-
um einhvern annan til þess að
koma með doktor Lee til okkar.
Já Smiling alveg strax. Á með-

an í New York. Það ætti ekki
að vera of erfitt herra að leika
á venjulegan kvenmann, Toledo
Steele er enginn venjulegur kven-

maður Desmond segir Rip Og
hver veit nema það gætu verið
önnur vandamál.